

Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Grunnskólabraut

2007

Stiklað á stóru í sögu  
sérkennslu á Akureyri  
1969-2007

Kristín Jóna Guðmundsdóttir

Lokaverkefni í kennaradeild



## Samningur milli nemenda Háskólans á Akureyri og bókasafns háskólans um meðferð lokaverkefna

Ég undirrituð/aður,.....nemandi við Háskólann á Akureyri afhendi hér með bókasafni háskólans þrjú eintök af lokaverkefni mínu, eitt prentað og innbundið, annað prentað og óinnbundið og það þriðja á geisladiski.

Titill \_\_\_\_\_ verkefnis: \_\_\_\_\_

### Prentuð eintök:

Lokaverkefnið er lokað  til: dags. \_\_\_\_\_ ártal: \_\_\_\_\_

---

### **Ef lokaverkefnið er opið er bókasafninu heimilt að:**

- | já                       | nei                      |  |
|--------------------------|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | lána það út til nemenda eða kennara HA |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | lána það út til utanaðkomandi aðila    |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | lána það til lestrar á staðnum         |
- 

### **Ef lokaverkefnið er opið er heimilt:**

- | já                       | nei                      |   |
|--------------------------|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að vitna til þess í ræðu og riti  |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að vitna til þess í ræðu og riti að fengnu samþykki mínu í hverju tilviki |
- 

### **Ef lokaverkefnið er opið er heimilt:**

- | já                       | nei                      |  |
|--------------------------|--------------------------|--|
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að ljósrita takmarkaða hluta þess til eigin nota                         |
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | að ljósrita tiltekna hluta þess að fengnu samþykki mínu í hverju tilviki |
- 

- | já                       | nei                      |   |
|--------------------------|--------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> | <input type="checkbox"/> | Bókasafninu er heimilt að ljósrita lokaverkefnið til viðhalds á snjádum eintökum sínum, þó aldrei svo að það eigi fleiri en tvö eintök í senn |

Stafrænt eintak:

Stafrænt eintak verður vistað á pdf-formi í rafrænu geymslusafni, Skemmunni. Óheimilt er að prenta eða afrita lokaverkefni í Skemmunni. Það er á ábyrgð undirritaðs að stafrænt eintak sé að fullu sambærilegt við prentað eintak, þ.e. að því fylgi forsíða, titilsíða og öll fylgiskjöl/viðaukar.

Lokaverkefnið er lokað

já  nei  til: dags. \_\_\_\_\_ ártal: \_\_\_\_\_

---

**Lokaverkefnið er opið eða verður opnað síðar og bókasafninu þá heimilt að:**

já  nei  bjóða opinn aðgang að því á vefnum í heild sinni til allra

leyfa nemendum og starfsmönnum háskólans aðgang með notendanöfnum og lykilorðum

**Lokaverkefnið er lokað að hluta til eða í heild og bókasafninu er heimilt að leyfa aðgang á vefnum að:**

já  nei  efnisyfirliti

útdrætti

heimildaskrá

---

Akureyri / 20

\_\_\_\_\_

nemandi

\_\_\_\_\_

bókavörður

Háskólinn á Akureyri

Kennaradeild

Grunnskólabraut

2007

Stiklað á stóru í sögu  
sérkennslu á Akureyri  
1969-2007

Kristín Jóna Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til 90 eininga B.Ed.-prófs í kennaradeild

Leiðsögukennari: Halldóra Haraldsdóttir

„Ég lýsi því hér með yfir að ég ein erum höfundur þessa verkefnis  
og að það er ágóði eigin rannsókna.“

---

Kristín Jóna Guðmundsdóttir

Það staðfestist hér með að lokaverkefni þetta fullnægir að  
mínum dómi kröfum til B.Ed.-prófs í kennaradeild.

---

Halldóra Haraldsdóttir

## Útdráttur

Hér er stiklað á stóru í sögusérkennslu úrræða á Akureyri á árabílinu 1969 til 2007. Rakin er í stórum dráttum, saga hugmyndafræði varðandi fatlaða og dregið fram hvað hefur breyst á tímabilinu, bæði í nágrennalöndum og hér á landi. Auk þess er farið yfir lög er varða málaflokkinn.

Þessu næst eru kynnt hugtökin blöndun (intergering) og eðlilegt líf (normalisering) og því lýst hvernig þessi hugtök snerta líf okkar allra sem í samfélaginu búa. Þetta eru hugtök sem valdið hafa hvað mestum straumhvörfum í ummönnum og umgengni við fatlaða í nútíma samfélagi. Einnig er lítilsháttar minnst á þann ágreining sem upp kom þegar þessi hugtök komu fyrst fram og fara átti að vinna eftir þeim hér á landi.

Nú er komið að þeim hluta verkefnisins sem var í mínum huga það sem mig langaði að skrifa um og er meginviðfangsefni mitt hér. Stofnun Styrktarfélags vangefinna á Akureyri, síðar Norðurlandi, bygging Sólborgar og sagt frá þeim úrræðum sem þar urðu til fyrir fatlaða. Hér verður sagt frá stofnun félagsins og þeir menn kynntir er þar voru í fararbroddi.

Því næst er fjallað um sögu Sólborgar. Hér kemur við sögu Þjálfunarskóli ríkisins sem rekinn var á Sólborg og síðar í Hvammshlíð þar til hann var lagður niður sem grunnskóli og þeir nemendur sem þar voru á grunnskólaaldri fluttust í nýja sérdeild í Giljaskóla. Einnig eru kynnt þau sérkennsluúræði sem verið hafa hér í bæ bæði inni í grunnskólum bæjarins, í sérdeildum eða inni í bekkjum. Einnig er sagt sérskóla fyrir atferlistrufluð börn í Bröttuhlíð og síðar í Hlíðarskóla.

Í lokin velti ég svo fyrir mér spurningunni hvort gengið hafi verið til góðs í kennslumálum fatlaðra á Akureyri og hvort eitthvað hafi áunnist.

## Abstrakt

The thesis outlines the main developments in specialised teaching approaches in Akureyri during the period 1969-2007. There is broad coverage of the history of ideology relating to people with handicaps and the main changes described, both in the neighbouring countries and in Iceland. Besides, the law relating to this area is outlined. Subsequently the concepts of integration and normalisation are introduced and it is illustrated how those concepts relate to the lives of all of us who live in the community. Those are concepts which have caused the most radical changes in the care of people with disabilities and how we associate with them in modern society. There is also some mention of the disputes that arose when the concepts first emerged and were to be adopted here in Iceland.

Now we come to the part of the thesis that was to my mind the most interesting topic to write about and is my main concern here. This was the establishment of the Society for the Support of People with Mental Disabilities here in Akureyri and later in the whole of North Iceland, the construction of Sólborg and the resulting facilities that were created for those who suffered from disabilities.

The foundation of the society is described and the people introduced who were the most influential leaders in this connection. The history of Sólborg is given coverage, with reference to the State Training School which was operated in Sólborg and later Hvammshlíð until its function as a primary school was discontinued and its pupils were moved to a special department in Giljaskóli Primary School. There is a description of the specialised teaching methods that have been in use in Akureyri, both in the local primary schools, in special departments and in general school classes. A special school for children with behaviour disturbances is given some coverage. This school was located at Brattahlíð and later Hlíðarskóli Primary School.

Finally I bring up the question of whether progress has been made in the teaching of children with disabilities in Akureyri and in what respects such progress is manifested.

## *Þakkarorð*

*Kærar þakkir til leiðsagnarkennara míns Halldóru Haraldsdóttur.  
Einnig við ég þakka Magnúsi Aðalbjörnssyni og Petreu Sigurðardóttur  
fyrir aðstoð við prófarkalestur. Einnig kærar þakkir til allra hinna  
áhugasömu og góðviljuðu heimildarmanna minna í þessu verkefni.  
Án þeirra hefði þetta verkefni ekki orðið til.*

*Á þessari jörð búa milljónir manna, engir tveir eins.  
Öll erum við börn Guðs, öll elskuð á sama hátt.  
Öll jafn fullkomin, öll jafn einstök.*



## Efnisyfirlit.

1. Kafli. Inngangur.....	3
2. Kafli. Hugmyndir á breytingatímum. ....	5
2.1. Tímabil mikilla breytinga.....	5
2.2. Hugtakið, eðlilegt líf.....	6
2.3. Hugtakið blöndun.....	7
2.4. Breyttir tímar á Íslandi .....	8
2.5. Að alast upp á stofnun.....	8
2.6. Blöndun í skólum.....	9
3. Kafli. Lagaumhverfi.....	11
3.1. Lög um fávítastofnanir 1967 .....	11
3.2. Grunnskólalög 1977 .....	11
3.3. Grunnskólalög 1990.....	12
3.4. Lög um málefni fatlaðra 1992.....	13
3.5. Grunnskólalög 1995.....	14
4. Kafli. Vistheimilið Sólborg .....	15
4.1. Stofnun styrktarfélags.....	15
4.2. Bygging Sólborgar .....	16
4.3. Áframhaldandi uppbygging.....	17
4.4. Skólalald hefst .....	18
4.5. Hverjum á að kenna.....	19
4.6. Hvað á að kenna? .....	20
4.7. Húsnæðismál skólans.....	21
4.8. Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri skólans.....	22
5. Kafli. Skóli í Hvammshlíð.....	23
6. Kafli. Sérdeildir skólanna .....	24
6.1. Pálmholt og Barnaskóli Akureyrar.....	24
6.2. Lundarskóli.....	25

6.3. Ný sérdeild í Lundarskóla. ....	26
6.4. Síðuskóli. ....	26
6.5. Glerárskóli. ....	27
6.6. Brekkuskóli. ....	28
6.7. Giljaskóli. ....	28
6.8. Oddeyrarskóli. ....	29
6.9. Ummæli skólastjóra. ....	29
7. Kafli. Bröttuhlíðarskóli. ....	31
8. Kafli. Höfum við gengið til góðs. ....	32
9. Kafli. Lokaorð. ....	34
Heimildaskrá: ....	36
Ritaðar heimildir. ....	36
Vefheimildir. ....	37
Munnlegar heimildir. ....	38

## 1. Kafli. Inngangur.

Hér ætla ég að stikla á stóru í sögu sérkennsluúrræða á Akureyri frá því að hún hófst seint á sjöunda áratug tuttugustu aldar og fram til dagsins í dag.

Það var mikil og góð reynsla fyrir mig nýkomna úr menntaskóla að fara að vinna á Sólborg. Áður hafði ég ekki þekkt marga þroskahefta og vissi því lítið um það út í hvað ég væri að fara. Ég er samt viss um að fátt hefur kennt mér meira á ævinni. Hér er komin ástæða þess að ég valdi þetta efni til að skrifa um. Mér finnst sjáfsögð virðing við þá hugsjónamenn sem fyrstir huguðu að þessum málaflokki að þessi saga gleymist ekki.

Sú aðferð sem ég beiti við gerð þessa verkefnis er eftirfarandi.

Fyrst mun ég fjalla um það hvenær nágrannapjóðirnar hófu kennslu þroskaheftra og bera saman við Ísland. Í framhaldi af því ætla ég að skoða þær hugmyndir sem Danir, Svíar og Norðmenn höfðu um málefni fatlaðra á eftirstríðsárunum og hvernig þær bárust smám saman hingað. Ég mun einnig fjalla um lög og þær reglugerðir sem sett hafa verið og tengjast málinu.

Í framhaldi af því mun ég segja frá hvaða menn það voru sem fyrstir ruddu brautina og síðan hvernig draumur þeirra um vistheimili fyrir þroskahefta varð að veruleika með byggingu Sólborgar á Akureyri. Því næst mun ég segja frá í stuttu máli, þeim skólum sem hér hafa verið eða eru starfræktir og fjalla um þær sérdeildir sem störfuðu eða eru nú starfandi í skólum bæjarins.

Að endingu mun ég velta fyrir mér spurningunni; höfum við gengið til góðs í skólamállum fatlaðra? Hér ætla ég mér ekki að finna hinn stóra sannleik aðeins að skoða hvað mér finnst hafa áunnist út frá þeim upplýsingum sem koma fram í verkefninu.

Heimildir eru ekki miklar til á prenti um Sólborg og kennslu fatlaðra þar og yfirfærsla grunnskólans til sveitarfélagsins gerir það að verkum að gögn er varða sérkennslu í skólum fram til ársins 1995 eru ekki aðgengileg, gögnin hafa verið send á Þjóðskjalasafn. Þangað hef ég ekki haft tækifæri til að fara. Þær upplýsingar sem ég hef getað fengið frá skóladeild Akureyrarbæjar eru þess eðlis að ekki er hægt að nota þær til þess að álykta út frá þeim um kennslumagn eða fjölda þeirra nemenda er nýtur sérkennslu. Ástæður þess eru að reglur sem lagðar eru til grundvallar úthlutun hafa

breyst oftar en einu sinni á tímabilinu. Ég mun því að miklu leyti notast við munnlegar heimildir.

Gögn frá Fræðsluskrifstofu og skólaskrifstofu frá árunum 1960-2000 eru varðveitt á Héraðsskjalasafni en mikill hluti þeirra er trúnaðarupplýsingar og myndi kosta of mikla yfirlegu að vinna úr, í verkefni sem þessu. Ég mun ekki leggja í þá vinnu nú.

## 2. Kafli. Hugmyndir á breytingatímum.

### 2.1. Tímabil mikilla breytinga.

Hugmyndafræði sérkennslu á árunum 1969 til dagsins í dag, sem fjallað er um í þessu verkefni hefur tekið gríðarlegum breytingum þó að ekki sé um langan tíma að ræða. Fyrir það tímabil, sem fjallað er um hér, höfðu nágrannalöndin þegar komið á stofnunum fyrir fatlaða á meðan Íslendingar voru enn að tala um hvers konar óvætti eða umskiptinga sem ekki þarf mikið hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að gætu að minnsta kosti í sumum tilfellum verið þroskaheftir eða fjölfatlaðir.<sup>1</sup> Danir voru fyrstir Norðurlandþjóða til þess að byggja hæli fyrir þroskahefta árið 1855, í Svíþjóð risu fyrstu hæli fyrir þroskahefta litlu síðar eða árið 1860 og í Noregi risu fyrstu hæli af þessu tagi laust fyrir aldamótin nítjánhundrað.<sup>2</sup> Til samanburðar var fyrsta stofnun fyrir þroskahefta á Íslandi opnuð árið 1930 í Sólheimum í Grímsnesi, næstum hundrað árum síðar.<sup>3</sup>

Á mörgum þessara norrænu stofnana var blandað saman alls konar fólki með alls konar fatlanir, vangefnum, fjölfötluðum, geðveikum og jafnvel blindum og heyrnarlausum. Sumir þeirra sem unnu þessum málum brautargengi trúðu því að lækna mætti fatlaða fólkið, en aðrir stefndu á að kenna þeim að vinna þannig að þó þeir gætu ekki orðið að heilbrigðu fólki, gætu þeir þó að minnsta kosti orðið nýtir þjóðfélagsþegnar.<sup>4</sup>

Í þeirri uppbygginu sem fylgdi eftirstriðsárunum í Evrópu fór að gæta nýrra hugmynda í ummönnun og umgengni við fatlaða. Þá fóru líka fræðimenn aðrir en læknar að sýna málefninu áhuga, má þar nefna vísindamenn í félagsvísindum, uppeldisfræði og sálfræði. Farið var að tala umað fatlaðir þyrftu meira en bara læknishjálp, þeir þurfi að fá þjálfun og ummönnun sem fæli í sér sérkennslu og vinnuþjálfun auk ýmislegrar félagslegrar þjónustu, en ekki bara gæslu eins og áður hafði verið talið.<sup>5</sup> Nú varð það viðurkennd staðreynd að viss hluti mannkyns væri á einhvern hátt fatlaður og þyrfti stuðning til að geta lifað eðlilegu lífi. Þannig væri

---

<sup>1</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:100-105

<sup>2</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:39-47

<sup>3</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:117

<sup>4</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:39-48

<sup>5</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:60

þetta í öllum þjóðfélögum og því skylda hvers samfélags að taka tillit til þeirra eins og annarra. Það væri því samfélagsins alls að búa þeim, eins og öðrum þegnum sínum, mannsæmandi lífsskilyrði.<sup>6</sup>

Á sama tíma og velferðarkerfi Norðurlanda styrktust og almenn aukning varð á mannréttindum breyttust viðhorf manna líka til fatlaðra. Menn sáu að það að loka fólk inni á stórum stofnunum var ekki eina leiðin til að koma til móts við þarfir þeirra sem höllum fæti stóðu í samfélaginu enda dylst engum í dag að það er ekki besta lausnin.<sup>7</sup> Í kjölfar þessara hugmynda koma fram hugtök eins og normalisering sem hefur hér á landi verið kallað eðlilegt líf og intergering sem oftast er kallað blöndun. Þessar hugmyndir áttu eftir að hafa gríðarleg áhrif hér þó að það liðu áratugir áður en þær bárust hingað. Í Skandinavíu gerist þetta um 1950 en ekki fyrr en að minnsta kosti þrjátíu árum seinna hér á landi.<sup>8</sup>

## 2.2. Hugtakið, eðlilegt líf.

Þegar talað er um eðlilegt líf eða normalisering er átt við þann sjálfsagða rétt einstaklinga með fötlun að hafa aðgang að þeirri þjónustu og þeim tækifærum sem aðrir þegnar þjóðfélagsins njóta. Fatlaðir ættu að eiga þess kost að taka þátt í samfélaginu á sama hátt og ófatlaðir.<sup>9</sup>

Eðlilegt líf er í þessu samhengi ekki, að til þess að fatlaðir einstaklingar geti átt sér eðlilegt líf þurfi þeir að breytast í "venjulegt fólk", heldur að þeir fái tækifæri til að lifa lífi, sem er eins líkt eðlilegu lífi fólks sem ekki býr við fötlun og hægt er. Til þess að svo geti orðið þarf að gera ráð fyrir að hinn fatlaði búi við þau skilyrði að samfélagið geri honum kleift að búa þar á eins eðlilegan hátt og kostur er. Þar með að eiga eigið heimili, eiga kost á skólagöngu eða atvinnu, utan heimilis og njóta á allan mögulegan hátt jafnréttis við aðra fatlaða og ófatlaða í samfélaginu.<sup>10</sup> Hingað til lands koma þessar kenningar frá hinum norðurlöndunum en þar hafði verið mikil umræða um málefnið. Skiptar skoðanir voru um hvernig skyldi nálgast það að veita fötluðum

---

<sup>6</sup> Bjarni Kristjánsson. 1981:3

<sup>7</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:61

<sup>8</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:62

<sup>9</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:61

<sup>10</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:62

eðlilegt líf, hvort samfélagið þyrfti að laga sig að þeim fatlaða eða hvort hinn fatlaði yrði að laga sig að samfélaginu.<sup>11</sup>

### 2.3. Hugtakið blöndun.

Hugtakið blöndun er ekki ólíkt því sem átt er við þegar talað er um eðlilegt líf. Með blöndun er átt við að í stað þess að sundurgreina og aðskilja mismunandi hópa ætti að sameina og blanda saman ólíkum hópum eða einstaklingum. Hér ætla ég að styðjast við skilgreiningu Mártens Söders, sem hann setti fram árið 1979. Þar greinir hann á milli fjögurra meginstiga í samskipunarferlinu sem hann kallar, samskipan húsnæðis, samskipan starfa, félagslega samskipan og samfélagslega samskipan. Skilgreiningin er þá að með samskipan húsnæðis séu fatlaðir og ófatlaðir í sama húsi en ekki mikil samskipti að örðu leyti. Með samskipan starfa á hann við að fatlaðir séu þátttakendur t.d. í skólastarfi á við ófatlaða. Með félagslegri samskipan á hann við að eðlileg samskipti séu á milli fatlaðra og ófatlaðra og með samfélagslegri samskipan á hann við að fatlaðir séu á allan hátt þátttakendur í samfélaginu á sama hátt og aðrir. Með því að þeir stundi vinnu eins og aðrir og leggi til samfélagsins með sköttum og vinnuframlagi sé blöndun orðin að veruleika. Til að skýra þetta nánar má taka dæmi af vinnustað þar sem hluti staðarins er sérstaklega fyrir fatlaða og samskipti ekki mikil. Til þess að hægt sé að segja að um blöndun væri að ræða á þessum vinnustað yrðu allir að vinna hlið við hlið án þess að það væri sérstaklega skilið á milli hópa bæði við vinnu og utan hennar. Til dæmis væru allir starfsmenn mættir saman á árshátíð án þess að það væri á nokkurn hátt munur á þátttöku fatlaðra og ófatlaðra.<sup>12</sup> Á sama hátt væri þá fyrirkomulag í skólasamfélagi þannig að fatlaðir og ófatlaðir væru saman án þess að þeir væru á nokkurn hátt sundurgreindir, hver að vinna að sínu námi, félagatengslum og tómstundum í og utan skóla. Þetta er auðvitað ekki gerlegt nema með stuðningi fagfólks, bæði við fatlaða nemendur og ekki síður við kennara og skólasamfélagið í heild.

---

<sup>11</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:60-64

<sup>12</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:65-66

## 2.4. Breyttir tímar á Íslandi.

Hér á landi var þróunin seinna á ferðinni eins og áður sagði. Þegar Íslendingar eru að byggja sínar fyrstu sólarhringsstofnanir voru þegar komnar fram hugmyndir erlendis um að leggja þær niður, flytja hina fötluðu út af stóru stofnununum og út í samfélagið. Eðlilegu lífi til handa fötluðu fólki var ekki einfalt að hrinda í framkvæmd. Mikið hafði verið lagt í byggingu stórra sólarhringsstofnana eins og Sólborgar og alls ekki einfalt mál að leggja Sólborg niður um tuttugu árum eftir að þar var opnað heimili sem miklar vonir höfðu verið bundnar við. Eins og um flest nýmæli var langt því frá að allir væru sammála um hvað fælist í því að fatlaðir ættu kost á eðlilegu lífi. Á sama hátt olli blöndunin miklu róti í hugum bæði foreldra og annarra sem þar komu að málum.<sup>13</sup>

## 2.5. Að alast upp á stofnun.

Til þess að skapa fötluðu fólki eðlilegt líf, þarf líf þess í raun að hafa verið óeðlilegt áður. Að alast upp á stórra sólarhringsstofnun getur varla flokkast undir eðlilegt líf. Þar eru tengsl bæði meðal vistmanna og starfsfólks ólík því sem er í eðlilegum fjölskyldum og lífið einkennist af innantómum athöfnum án tengsla við raunveruleika daglegs lífs utan heimilisins. Örvandi umhverfi er hverjum manni nauðsynlegt til aukins þroska og á það ekki síður við um þroskahefta en aðra. Stofnun þar sem vistaðir eru tugir einstaklinga með mismunandi mikla þroskaskerðingu getur sjaldnast veitt slíka örvun. Auk þess er það viðurkennd staðreynd að á sama hátt og börn læra hvert af öðru og af eldri börnum þá tileinka þroskaheftir sér gjarnan það sem þeir sjá í umhverfi sínu. Það getur oft á tíðum til dæmis verið afbrigðileg hegðun annarra vistmanna.<sup>14</sup> Stofnanir af þessu tagi hafa gjarnan verið nefndar altækar stofnanir.

Altæk stofnun er sú stofnun nefnd þar sem einstaklingur er vistaður í langan tíma. Þar á hann sitt heimili, stundar vinnu ef um það er að ræða, sækir ekki tómsundur út fyrir stofnunina nema lítið og lifir þannig að miklu leyti einangraður frá samfélaginu fyrir utan.<sup>15</sup> Þar sem stofnanir af þessu tagi hafa tilhneigingu til að einangra sig frá því samfélagi sem þær eru í þá eiga vistmenn þess ekki kost að kynnast því lífi sem utan stofnunarinnar er. Umhverfið innan stofnunarinnar er

<sup>13</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:131-135

<sup>14</sup> Bjarni Kristjánsson. 1981:4

<sup>15</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:57-59



einhæft og getur í fæstum tilfellum veitt þá örvun sem er nauðsynleg öllum til að þroskast. Einstaklingur með þroskaskerðingu sem býr við þessi skilyrði á því enn minni möguleika á því að þroskast, í raun auka þessi uppeldisskilyrði á fötlun viðkomandi.<sup>16</sup>

Af þessu má sjá að til þess að vistfólk á stórri sólarhringsstofnun öðlist eðlilegt líf þarf að útvega húsnaði þar sem fáir einstaklingar búa saman, þeir sækja vinnu eða þjálfun út af heimili sínu og sækja félagsskap og skemmtanir út í samfélagið, rétt eins og um ófatlaða væri að ræða.

## 2.6. Blöndun í skólum.

Í byrjun þess tímabils sem verið er að fjalla um hér eru nokkuð skýr mörk um það hverjir eigi að ganga í skóla og þá hvers konar skóla og hverjir ekki. Skilgreiningin var að þeir sem væru með greindarvísitölu undir fimmtíu ættu að vera í þjálfunarskólum, þó reyndin væri oft sú að þeir er minnsta mælanlega greind höfðu voru alls ekki í skóla. Þeir sem voru með greindarvísitölu frá fimmtíu til sjötíu og fimm voru í sérskólum, t.d. Höfðaskóla og seinna Öskjuhlíðarskóla eða eins og hér á Akureyri í sérdeild í einum skóla bæjarins.<sup>17</sup> Þeir sem voru þar yfir áttu svo að vera í almennum skólum.<sup>18</sup>

Eins og áður hefur komið fram þarf að vera til aðgreining til þess að hægt sé að koma á blöndun, þær aðstæður voru til staðar hér á landi þegar umræðan um blöndunina hófst. Flestir foreldrar tóku því fagnandi og litu svo á að börn þeirra væru að ná mikilvægu skrefi í jafnréttisátt. Aðrir voru ekki eins sannfærðir og vildu fara hægar í sakirnar. Kennarar voru heldur ekki sammála um hvort blöndunin hentaði öllum.<sup>19</sup> Þeir sem aðhylltust blöndun telja hana tæki til að koma í veg fyrir að börn séu dregin í dilka eftir því hvort þau eru fötluð eða ekki. Til þess að hægt sé að segja að blöndun sé til staðar í skóla þurfa allir nemendur að eiga þess kost að stunda nám sitt hlið við hlið án aðgreiningar<sup>20</sup>

Grunnskólinn eins og aðrir skólar vinna eftir þeim lögum sem sett hafa verið hverju sinni. Lög um skólalald og málefni fatlaðrar bæði utan skóla og innan marka

<sup>16</sup> Bjarni Kristjánsson. 1981:4

<sup>17</sup> Reglugerð um kennslu á fávítastofnunum. 199/1972

<sup>18</sup> Lög um fræðslu barna. 1946/34

<sup>19</sup> Hólmfríður Guðmundsdóttir

<sup>20</sup> Kristín Aðalsteinsdóttir:1992:19

Þá stefnu sem tekin er þó að oftast séu við lagasetninguna komnar fram hugmyndir sem löggjöfin tryggir að unnið sé út frá. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um þau lög sem helst hafa haft áhrif á málaflokkinn.

### 3. Kafli. Lagaumhverfi.

Í kring um 1970 þegar kennsla fatlaðra hófst hér á Akureyri var ekki eftir öðrum lögum að fara en lögum um fávítastofnanir frá 1967 og reglugerð er þeim fylgdi frá árinu 1972. Þar segir að reka skuli eitt aðalhæli fyrir fávita og að þetta hæli eigi að vera hjúkrunar- uppeldis- vinnu- og kennsluhæli.<sup>21</sup>

#### 3.1. Lög um fávítastofnanir 1967.

Árið 1967 voru sett lög um fávítastofnanir þar sem kemur fram í fyrstu grein að eitt af hlutverkum fávítahæla skuli vera kennsla þeirra er þar byggju. Nánar er svo kveðið á um þetta í reglugerð um kennslu á fávítastofnunum sem út kom 1972.<sup>22</sup> Þar er nemendum frá fjögurra ára aldri ætluð kennsla svo framarlega að sérfræðingar telji að þeir geti haft af því gagn. Kennslumagn var áætlað allt að tuttugu vikustundir á hvern nemanda og fjöldi nemenda á hvern kennara gat verið allt að þrjátíu og sex og því fleiri sem þeir væru meira fatlaðir.<sup>23</sup>

#### 3.2. Grunnskólalög 1977.

Árið 1974 eru sett lög um grunnskóla og 1977 kemur fram reglugerð um sérkennslu. Í þessum lögum kemur fram sú ákvörðun yfirvalda að þeir nemendur sem af einhverjum ástæðum víki svo frá eðlilegum þroska að þeir geti ekki nýtt sér venjulega kennslu í einni eða fleiri námsgreinum eigi rétt á kennslu við sitt hæfi. Eftir sem áður er ætlast til að sem flestir njóti kennslu í almennum grunnskóla og að það sé fullreynt áður en til sérúræða skuli gripið. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að nemendur geti átt rétt á lengdri skólavist bæði að fá kennslu fyrr og einnig að vera lengur í skóla en jafnaldrar þeirra. Reglugerðin tekur einnig til þess hverjum eigi að kenna og hvar. Þannig skulu börn á leikskólaaldri, tveggja til fimm ára, eiga kost á kennslu allt að 20 stundir á viku, hvort sem þau dvelja í heimahúsum, sjúkrastofnunum eða á dagvistarstofnunum. Þjálfunarskólar áttu að taka við þeim börnum sem höfðu greindarvísitölu á bilinu núll til fjörítíu og níu. Þessir nemendur áttu að vera sex saman og kennsluna skyldi annast sérkennari, eða annað sérhæft starfsfólk.

---

<sup>21</sup> Lög um fávítastofnanir nr.53/1967.

<sup>22</sup> Reglugerð um kennslu á fávítastofnunum nr. 199/1972

<sup>23</sup> Reglugerð um kennslu á fávítastofnunum nr 199/1972

Kennslumagn á hvern nemanda var fimm vikustundir sem þýddi þá það að miðað við að sex nemendur væru saman í hóp þá fékk hópurinn 5x6 stundir eða þrjátíu stundir á viku.<sup>24</sup> Vikustund í sérkennslu ef nemandi er í almennum bekk en ekki í sérkennluhóp er þá á hinn bóginn ein kennslustund inni í stundatöflu nemandans. Heildarkennslustundafjöldi helst áfram sá sami.<sup>25</sup>

Sérskólum eða sérdeildum grunnskóla var í þessari reglugerð ætlað að sjá um kennslu þeirra nemenda sem voru með greindarvísitölu frá fimmtíu til sjötíu. Þessum nemendum var ætlað að vera í í allt að tíu manna hópum og átti hver nemandi rétt á fimm vikustundum. Þessum kennslustundum átti að verja bæði til að kenna nemendum á einstaklingsgrundvelli eða í hóp og/eða til að skipta námshóp eða bekk upp í minni einingar allt eftir því hvað viðkomandi kennari taldi henta hverju sinni. Í reglugerðinni er tekið tillit til fjölfatlaðra nemenda með því að þeim er ætlaður hundrað prósent meiri tími á viku. Eins og nemendum þjálfunarskólanna var heimilt að kenna þessum hópi annars staðar en í sérdeildum grunnskólanna, í heimahúsum, eða sjúkrastofnunum ef þurfa þótti.<sup>26</sup> Þessi lög eru greinilega sett áður en farið var að tala um blöndun í skólum hér á landi, þó að sú þróun væri þegar hafin á hinum Norðurlöndunum, enda hér kveðið á um þó nokkuð mikla aðgreiningu.

### 3.3. Grunnskólalög 1990.

Ný grunnskólalög voru sett árið 1990. Í greinargerð með lögunum eru ákvæði er varða hvað kenna skuli fötluðum nemendum, sem sé að þeir skuli fá kennslu við hæfi. Nú kemur fram það ákvæði að gera skuli sérstaka námskrá fyrir annars vegar, hvern námshóp og einnig fyrir hvern nemanda. Ekki bara fyrir þann tíma sem nemandinn er í kennslu heldur líka meðan hann dvelur í skólavistun eða á frístundaheimili. Nú er skólinn einnig gerður ábyrgur fyrir því að tryggja nemendum vistunarúræði utan skólatíma. Í lögunum er tekið til fleiri þátta en áður, til dæmis er rík áhersla á að nemandi með fötlunfái eins og aðrir nemendur tækifæri til að kynnast öðrum nemendum og sé virkur í félagslífi skólans. Hér er greinilegt að höfundar laganna voru með hugmyndafræði blöndunar í huga.

---

<sup>24</sup> Reglugerð um sérkennslu 270/1977.

<sup>25</sup> Vilberg Alexandersson.

<sup>26</sup> Reglugerð um sérkennslu 270/1977.

### 3.4. Lög um málefni fatlaðra 1992.

Árið 1992 eru sett lög um málefni fatlaðra, greinilegt er við lestur laganna að meginmarkmið þeirra hefur verið að tryggja jafnrétti fatlaðra á við aðra þegna þjóðfélagsins. Í lögnum er kveðið á um að skapa skuli fötluðum skilyrði til eðlilegs lífs. Þannir er í þriðja kafla laganna fjallað um þann sjálfsagða rétt fatlaðra til að nýta sér þá þjónustu sem aðrir þegnar þjóðfélagsins eiga kost á. Í fjórða kafla laganna er fjallað um stoðþjónustu og skal hún miða að því að gera hinum fatlaða fært að lifa og starfa í sem eðlilegustu samfélagi við aðra. Stoðþjónustu þessa skal veita bæði á heimilum, vinnustað eða þar sem hinn fatlaði nýtur hæfingar, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Í lögnum kemur einnig fram að fatlaðir eigi rétt á sálfræðiþjónustu og ráðgjöf. Einnig eigi þeir kost á félagslegum stuðningi í formi liðveislu til þess að geta notið tómsunda og tekið þátt í félagslífi. Í lögum þessum er mikið lagt upp úr því að meta þarfir fatlaðra og fjölskyldna þeirra fyrir þjónustu, til að koma í veg fyrir að hinn fatlaði og fjölskylda hans einangrist. Í lögnum er gert ráð fyrir að fatlaðir eigi kost á skammtíavistun bæði sem hvíld fyrir foreldra eða aðstandendur og einnig hinum fatlaða til tilbreytingar. Einnig skuli lögð áhersla á að fatlaðir komist í sumardvöl með sama tilgang í huga og með skammtíavistun.

Í nýjunda kafla laganna er fjallað um Greiningar-og ráðgjafarstöð ríkisins. Hennar hlutverk er samkvæmt lögnum að greina hugsanlega fötlun og vera síðan foreldrum til aðstoðar og ráðgjafar um úrræði. Með þessum lögum er sveitarfélögum gert að sjá til þess að fatlað barn hafi aðgang að leikskóla með þeirri aðstoð og stuðningi sem fötlun barnsins kallar á.<sup>27</sup> Þessum lögum er greinilega ætlað að tryggja fötluðum með lögum þann rétt til jafnréttis sem hugmyndafræði blöndunar og eðlilegs lífs taldi að allir ættu að njóta.

---

<sup>27</sup> Lög um málefni fatlaðra 59/1992

### 3.5.Grunnskólalög 1995.

Lög um grunnskóla voru sett 1995 og reglugerð um sérkennslu kom árið eftir. Nú kemur fram sá vilji yfirvalda að skólinn skuli laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda er hann sækja. Nú skal skipuleggja starf skólans út frá þörfum allra nemenda og skapa þær aðstæður til náms að allir geti þar stundað nám sitt, ekki að nemendur eigi að laga sig að skólanum. Ef nemandi er metinn þannig að hann þurfi sérkennslu má hún fara fram hvort heldur sem sérkennsla inni í bekkjardeild eða skiptitímum í bekkjum. Einnig getur hún farið fram sem einstaklingskennsla utan bekkjar eða í sérstökum námshópum jafnvel í sérskólum eða hvar sem talið er að nemandanum henti best. Í stuttu máli sagt, löggin gera ráð fyrir að horft sé á nemendur og þeirra þarfir og unnið út frá því einnig skulu foreldrar hafðir með í ráðum og alltaf unnið í samvinnu við þá.<sup>28</sup>

Af því sem hér hefur komið fram þá er það ekki bara hugmyndafræði sérkennslu sem hefur tekið miklum breytingum á því árabili sem hér er fjallað um. Lagasetningar hafa verið mun tíðari auk þess sem fatlaðra er getið sérstaklega í lagasetningum þar sem vitað er að grípa þurfi til sérstakra úrræða fyrir fatlaða í því samhengi sem lagasetningin á við hverju sinni.

---

<sup>28</sup> Lög um grunnskóla 66/1995.

## 4. Kafli. Vistheimilið Sólborg.

### 4.1. Stofnun styrktarfélags.

Til þess að segja sögu sérkennslu á Akureyri er óhjákvæmilegt að byrja á því að segja frá félaginu sem stofnað var á Akureyri 1959 og átti eftir að verða drifkraftur í þeirri baráttu sem fyrir höndum var við að koma á fót vistheimili og skóla fyrir vangefna á Akureyri.

Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi var stofnað á Akureyri 22. maí 1959. Árið áður hafði verið stofnað styrktarfélag vangefinna í Reykjavík og tveir af þeim er það höfðu gert gerðu sér ljósa nauðsyn þess að stofnuð yrðu fleiri félög úti um landið. Þessir menn voru Halldór Halldórsson frá Garðsvík við Eyjafjörð og Guðmundur Gíslason múrameistari, báðir búsettir í Reykjavík. Þeir höfðu sett sig í samband við menn hér fyrir norðan með það fyrir augum að stofna hér styrktarfélag. Þeir menn sem tóku að sér að vinna að stofnun félagsins hér fyrir norðan voru Jóhannes Óli Sæmundsson námsstjóri, Jóhann Þorkelsson héraðslæknir og Erlingur Davíðsson ritstjóri Dags.<sup>29</sup>

Hugsjón þeirra manna sem hér eru nefndir var að koma á fót vistheimili þar sem vangefnum börnum væri kennt. Ekki er ólíklegt að þeim hafi runnið blóðið til skyldunnar þar sem tveir þeirra áttu sjálfir vangefnar dætur og hafa sennilega ekki fengið mikla utanaðkomandi hjálp eða kennslu fyrir þær. Í upphafi var eingöngu ætlunin að reisa dagheimili hér fyrir norðan og að koma á fót einhvers konar kennslu, en það breyttist fljótlega og stefnan sett á dvalar- eða vistheimili.

Á meðan á byggingu Sólborgar stóð fór Jóhannes Óli heim til nokkurra af þeim börnum sem vitað var um og kenndi þeim þar<sup>30</sup>. Ég segi vitað var um, vegna þess að á þessum tíma var ekki mikið vitað um fjölda þeirra vangefna barna sem dvöldu að mestu inni á heimilum sínum, sóttu ekki skóla eða fengu kennslu. Það kom t.d. mjög á óvart þegar kennsla hófst á Sólborg hve mörg þessi börn voru í raun og veru. Leigubílastöð bæjarins fékk það verkefni að sækja börnin á morgnana og skila þeim heim að kvöldi. Bílstjórarnir sem þó töldu sig vita flest um bæjarbúa á þessum

---

<sup>29</sup> Elín Jónsdóttir.[án árs]:29

<sup>30</sup> Elín Jónsdóttir.[án árs]:7-8

árum voru meira en lítið undrandi yfir því hve mörg þau voru, svo vel höfðu þau verið falin.<sup>31</sup> Þetta átti sem betur fer eftir að breytast.

Styrktarfélag vangefinna missti aldrei sjónar á því markmiði sínu að greiða götu vangefinna á Norðurlandi og studdi við allt uppbyggingarstarf á Sólborg með miklum sóma allt þar til stofnunin var afhent ríkinu til rekstrar og umsýslu árið 1984.<sup>32</sup>

## 4.2. Bygging Sólborgar.

Til að hægt væri að hefja undirbúning byggingar vistheimilis á Akureyri þurfti að hefja samningaviðræður við yfirvöld í Reykjavík. Með lögum um fávítastofnanir nr. 53 frá 1967 verða skýr þau markmið yfirvalda að reisa fávítahæli í Reykjavík. Í fyrstu grein laganna segir að hælið skuli vera hjúkrunar-, uppeldis- og kennsluhæli auk þess sem það skuli veita þeim, sem geta unnið, vinnu. Með lögunum er einnig gert ráð fyrir þeim möguleika að vistheimili geti risið víðar um landið en þá eingöngu undir yfirstjórn aðalhælisins.

Eftir langar og tímafrekar bréfaskriftir við tilheyrandi ráðuneyti og Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík hófst loks bygging vistheimilis á Sólborg 22. júní 1967, þar með var langþráðum áfanga náð. Húsið var að miklu leyti byggt fyrir gjafa- og söfnunarfé, auk þess sem félagar í styrktarfélaginu unnu þar í sjálfboðavinnu.<sup>33</sup> Starfsemi hófst haustið 1969 með kennslu tíu til fimmtán barna úr bænum. Fyrstu íbúarnir fluttu á Sólborg fjórtánda apríl 1970. Formleg vígsla fór svo fram árið eftir, þann tíunda júlí. Sólborg var rekin sem sjálfseignarstofnun allt þar til ríkinu voru afhentar eignir heimilisins 1984.

Stjórn heimilisins var skipuð þannig að landlæknir skipaði einn í stjórn sem jafnframt var formaður stjórnar. Styrktarfélag vangefinna tilnefndi þrjá fulltúra í stjórn og bæjarstjórn Akureyrar einn fulltrúa. Í varastjórn skipaði Styrktarfélagið þrjá fulltrúa og bæjarstjórn Akureyrar einn. Fyrstu stjórn heimilisins skipuðu Jóhann Þorkelsson héraðslæknir tilnefndur af landækni, Albert Sölvason forstjóri, Jón Ingimarsson bæjarfulltrúi og Niels Hansen húsgagnasmiður tilnefndir af stjórn

---

<sup>31</sup> Guðrún Gunnarsdóttir

<sup>32</sup> Svanfríður Larsen.1996:37

<sup>33</sup> Elín Jónsdóttir.[án árs]:31



styrktarfélagins. Ingibjörg R. Magnúsdóttir, forstöðukona skipuð af bæjarstjórn Akureyrar.<sup>34</sup>

Árið eftir að heimilið opnaði voru heimilismenn þar orðnir fimmtíu. Rúmlega helmingur þeirra, er á stofnuninni bjuggu, var á skólaskyldualdri auk þess sem nokkur börn, sem bjuggu á heimilum sínum á Akureyri, voru áfram keyrð á milli heimilis og skóla, kvölds og morgna. Á næstu árum fjölgaði heldur og fór fjöldi vistmanna mest í um sextíu vistmenn og stöðugildi starfsmanna upp undir áttatíu<sup>35</sup> Hér var þó hlutverki styrktarfélagins eða annarra áhugamanna um hagsmuni íbúa á Sólborg hvergi nærri lokið.

### 4.3. Áframhaldandi uppbygging.

Áfram var unnið að því að vistmenn hefðu það sem allra best og ráðist í nýbygginu til þess að þeir íbúar sem bjuggu við hvað mesta fötlun fengju húsnæði sem hentaði þeim betur. Sjúkradeild var tekin í notkun seint á áttunda áratugnum og rétt áður en Sólborg var lögð niður rættist langþráður draumur foreldra og styrktarfélagins um að vistmenn Sólborgar hefðu aðgang að sérhæfðri sundlaug. Þar lögðust margir á áramnar og mikill hluti þess fjár sem þurfti til byggingar sundlaugarinnar var safnað meðal bæjarbúa. Meðal annars gáfu nemendur í tíunda bekk Gagnfræðaskóla Akureyrar hluta af ferðasjóði sínum til hennar, tvö hundruð þúsund krónur.<sup>36</sup> Sundlaugin nýttist vegar ekki lengi þar sem allir íbúar fluttu í sambýli og Háskólinn á Akureyri er nú í því húsnæði sem var vistheimilið Sólborg á árunum 1969 til 1996. Stofnunin var lögð niður og fluttu allir vistmenn af Sólborg í sambýli eða sjálfstæða búsetu víðs vegar á Akureyri eða í heimabyggð sína.<sup>37</sup> Þess að þetta væri mögulegt voru byggð sambýli á helstu þéttbýliskjörnum á Norðulandi enda telst það til eðlilegs lífs að geta verið nálægt fjölskyldu sinni og eiga kost á að hafa samskipti og mynda tengsl við hana.<sup>38</sup>

Niels Jónsson, húsvörður á Sólborg til margra ára, flutti ávarp fyrir hönd starfsfólks og vistmanna þegar síðustu vistmennirnir fluttu í burtu. Sagði hann við það tækifæri eitthvað á þá leið að hann ætti ekki aðra ósk heitari til handa nýjum íbúum á

<sup>34</sup> Vistheimilið Sólborg, gjörðabók:1

<sup>35</sup> Bjarni Kristjánsson

<sup>36</sup> Magnús Aðalbjörnsson

<sup>37</sup> Svanfríður Larsen.1996:24

<sup>38</sup> Margrét Margeirsdóttir. 2001:135

Sólborg en að þeir yrðu staðnum til eins mikils sóma og þeir sem þaðan væru að fara. Er hægt að fá betra veganesti sem háskólanemi á Sólborg?

#### 4.4. Skólahald hefst.

Haustið 1969, nánar tiltekið 26. nóvember hófst skólahald á Sólborg. Þar með var formlega hafin kennsla vangefinna á Akureyri. Þá hafði verið ráðinn einn kennari, Bjarni Kristjánsson og nemendur hans voru 10-15 talsins. Þar var eingöngu um að ræða nemendur frá Akureyri sem eins og áður sagði voru sóttir á morgnana og þeim svo ekið heim á kvöldin. Kennsla þroskaheftra á þennan hátt inni á stofnun var algerlega aðgreind frá allri annarri kennslu barna á sama aldri, enda gerðu lög um fávitastofnanir ráð fyrir algerri aðgreiningu.<sup>39</sup>

Eins og áður sagði var Bjarni Kristjánsson ráðinn kennari þetta fyrsta starfsár. Ekki voru ráðnir fleiri kennarar. Hins vegar kenndu forstöðukonur Sólborgar þær Kolbrún Guðveigsdóttir gæslusystir og Valgerður Jónsdóttir hjúkrunarkona líka við skólann. Hvorug þeirra hafði nokkara reynslu eða menntun sem kennarar en mikill hluti kennslunnar var fyrst og fremst leit að leiðum til að þjálfa þá einstaklinga sem í skólanum voru.<sup>40</sup> Að sögn þeirra er þarna störfuðu þennan fyrsta vetur var starfið erfitt. Lítið um kennslugögn og nemendurnir margir hverjir óvanir að vera innan um annað fólk og því gat farið mikill tími í að þjálfa þá í að taka þátt eða bara að vera á staðnum án þess að þeim og/eða þeim er með þeim voru liði illa.<sup>41</sup> Þeir kennarar sem réðu sig til kennslu fatlaðra á þessum fyrstu árum vörðu því miklum tíma í að leita leiða til kennslu og þjálfunar af einhverju tagi. Svo var líka um þá er réðust að Sólborg á fyrstu árum stofnunarinnar.<sup>42</sup>

Strax næsta skólaár hafði nemendum fjölgað mikið og þá voru þrír kennarar í fullu starfi við skólann, en ágreiningur var um hvort ríkið eða Sólborg sjálf greiddi laun þeirra. Það skýrðist ekki að fullu fyrr en með setningu reglugerðar árið 1977 þar sem þetta mál var skilgreint nánar. Ráðuneytið hafði fram að þessu skýlt sér bak við það að ekki væri skýrt í lögum hvernig þessi skipting ætti að vera.<sup>43</sup> Þá var gerður samningur milli stjórnar Sólborgar og ríkisins þar sem ríkið tók yfir rekstur skólans

<sup>39</sup> Lög um fávitastofnanir.nr.53/1967:1

<sup>40</sup> Elín Jónsdóttir [án árs]: 38

<sup>41</sup> Elín Jónsdóttir. [án árs]:38

<sup>42</sup> Bjarni Kristjánsson

<sup>43</sup> Bjarni Kristjánsson. 1981:5

sem nú var einn af Þjálfunarskólum ríkisins og reyndar sá fyrsti sem fékk það nafn. Í samningnum var ákvæði um að til ársins 1984 yrði skólinn á sama stað og legði Sólborg húsnæðið til án endurgjalds. Skólinn var þegar hér er komið við sögu rekinn sem sjálfstæð eining, heyrði beint undir menntamálaráðuneyti, kennarastöður við skólann orðnar tíu auk skólastjóra og nemendur þrjátíu og átta.<sup>44</sup>

Áfram var skólinn rekinn á Sólborg, kennurum fjölgaði og námsgreinum líka. Sú er þetta skrifar, starfaði á skóladagheimili Sólborgar um nokkurra ára skeið á fyrri hluta níunda áratugarins, man eftir að hafa fylgt sínum skjólstæðingum bæði í sund, leikfimi, matreiðslu, og ýmislegt annað sem henta þótti hverjum og einum. Allt þar til skólinn flytur í Hvammshlíð var svipaður nemendafjöldi en kennurum hafði fjölgað úr að vera einn á allt að þrjátíu og sex nemendur í upphafi í að stöðugildi kennara væri miðað við þrjá til fjóra nemendur. Árið 1984 flytur svo skólinn í Hvammshlíð og má segja að með því hafi lokið einum kafla og annar byrjar, þar sem skólinn er nú ekki lengur hluti af Sólborg, í hugum bæjarbúa heldur sjálfstæð eining.<sup>45</sup>

#### 4.5. Hverjum á að kenna.

Þessi fyrstu ár kennslu á Sólborg áttu ekki allir vangefnir kost á kennslu. Svokallaðir örvitarnir eru þeir sem samkvæmt mælingum hafa greindarvísitölu frá 0-25 nutu ekki kennslu, enda viðurkennd skoðun á þeim árum að þeir væru ekki kennsluhæfir. Sá hópur sem næstur kom var með greindarvísitölu frá 25-50. Þessum hópi tilheyrðu flestir þeirra sem bjuggu á Sólborg, þessi hópur var skilgreindur þannig að hann hafði ekki möguleika á bóklegu námi en með markvissri þjálfun mætti kenna þeim að vinna einföld störf. Sá hópur sem hæst stóð greindarfarslega, með greindarvísitölu frá 50-75 getur ekki nýtt sér kennslu í almennum skóla, en með sérkennslu og sérhæfðum úrræðum getur hann náð lágmarks árangri í bóklegu námi. Þessi hópur var talinn geta náð þeim árangri að geta á fullorðinsárum náð því að vera sjálfstæðir þjóðfélagsþegnar.<sup>46</sup> Tveir síðasttöldu hóparnir fengu kennslu frá upphafi skólustarfs á Sólborg en sá fyrstnefndi, örvitarnir varð að bíða enn um sinn eða allt til ársins 1977. Örvitarnir og reyndar einnig þeir sem ekki gátu talað, höfðu frá stofnun Sólborgar verið þar heimilismenn en ekki notið formlegrar kennslu. Forstöðukona heimilisins fyrstu árin, Kolbrún Guðveigsdóttir hafði af þessu áhyggjur, fannst þeirra hlutur fyrir

<sup>44</sup> Bjarni Kristjánsson. 1981:5

<sup>45</sup> Bjarni Kristjánsson

<sup>46</sup> Bjarni Kristjánsson

borð borinn. Það væri réttlætismál að allir fengju kennslu. Að hennar sögn var á þessum árum það mat á kennsluhæfi notað að annað hvort voru börn kennsluhæf eða ekki.<sup>47</sup>

Í samtali mínu við Bjarna Kristjánsson fyrsta kennara í Sólborgarskólanum, seinna forstöðumann Vistheimilisins Sólborgar, framkvæmdastjóra svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, vegna þessa verkefnis, kom fram að það voru miklar vonir bundnar við skóla á Sólborg. Jafnvel svo að óskað var skólavistar fyrir nemendur sem þangað áttu ekkert erindi, en sá skóli sem þeir sóttu hafði ekki úrræði eða getu til að sinna þeim. Sumum af þessum nemendum hefur Bjarni átt kost á að fylgjast með og veit í dag að það var hárrétt ákvörðun að neita þeim um skólavist. Margir þeirra komust prýðilega til manns og vita sennilega ekki einu sinni af þeim umsóknum sem þeirra vegna voru sendar til Þjálfunarskólans. Fer betur að sú vitneskja er á fárra vitorði.<sup>48</sup>

#### 4.6. Hvað á að kenna?

Kennslan á Sólborg var ekki auðveld til að byrja með, kennarar vörðu miklum tíma í að finna leiðir til að þjálfra og kenna nemendum sínum. Þegar skólahald hófst var engin námsskrá til fyrir fatlaða nemendur og því þurftu kennarar að þreifa sig áfram í leit að hentugu námsefni og ekki síður að hentugu kennslufyrirkomulagi. Nemendurnir höfðu mjög mismunandi þarfir og því alls ekki það sama sem hentaði öllum. Sumum varð að kenna nær eingöngu á einstaklingsgrundvelli á meðan aðrir gátu notið kennslu í litlum hóp. Kennarar fundu því mjög til vankunnáttu og reynsluleysis, veltu jafnvel fyrir sér hvort ekki hentaði betur að fá til starfans annað uppeldismenntað starfsfólk, t.d. þroskaþjálfra eða fóstrur.<sup>49</sup> Stærstur hluti nemenda skólans var það mikið greindarskertur að hann gat lítið nýtt sér bóklega kennslu. Því var aðaláhersla á það sem sennilega mætti í dag kalla lífsleikni, en þá kallað að kenna athafnir daglegs lífs, skammstafað ADL. Að læra að klæða sig í fötin sín, burstu tennur og borða sjálfur.<sup>50</sup> Geta tekið þátt í daglegu lífi og tekið ákvarðanir um það getur verið þó nokkurt verkefni þegar þroskaskerðing er mikil. Einnig það að tileinka sér félagsfærni, að vera innan um annað fólk og læra að hafa árekstralaus samskipti er nauðsynleg færni og alls ekki á allra færi að læra af sjálfu sér. Þetta voru því meðal

---

<sup>47</sup> Kolbrún Guðveigsdóttir

<sup>48</sup> Bjarni Kristjánsson

<sup>49</sup> Þorgerður Hauksdóttir. 1981:17

<sup>50</sup> Halldóra Haraldsdóttir. 1981:15

annars viðfangsefni nemenda og kennara við þjálfunarskólann. Nokkrir nemenda skólans fengu kennslu í bóklegum greinum eftir því sem þeir réðu við. Nemendur skólans fengu líka kennslu í matreiðslu, handavinnu ýmiss konar auk þess sem smíðakennari vann við skólann um og eftir 1980. Leikfimi og sund voru einnig á dagskrá, leikfimin við þröngan húsakost til að byrja með í vesturenda starfsmannahúss og sunnið í sundlaug bæjarins lengi vel sem námskeið að vori.. Auk þess starfaði við skólann talmeinafræðingur, þar sem flestir nemenda hans þurftu talkennslu að einhverju leyti.<sup>51</sup>

#### 4.7. Húsnæðismál skólans.

Húsnæðismál skólans á Sólborg fóru versnandi eftir því sem heimilismönnum á Sólborg fjölgaði, þegar skólalald hófst var kennt í tveimur stofum inni á sjálfu heimilinu. Haustið 1977 tók skólinn svo til starfa í húsnæði sem áður hafði verið nýtt sem starfsmannahús, fyrst í þremur stofum nokkrum árum áður en nú í nær öllu húsinu.<sup>52</sup> Svo naumt var skammtað af opinberu fé til skólans að kennarar stóðu sjálfir í verklegum framkvæmdum, brutu niður vegg og máluðu eftir því sem þörf var á.<sup>53</sup>

Sami háttur var hafður á þegar skólalagheimili var opnað við heimilið haustið 1976, starfsmenn þess sáu um að standsetja það þannig að þar gæti farið fram skólavistun. Sú er þetta skrifar vann þar á árunum 1982 til 1984 og minnst þess að hafa staðið í húsgagnaburði og ýmsum þess háttar „reddingum” ef þurfa þótti. Andrúmsloftið var þannig á Sólborg á þessum árum að starfsfólk var tilbúið til að leggja á sig ýmis önnur störf en það var beinlínis ráðið til eingöngu til að hlutirnir gengju hraðar fyrir sig.

Í þessu húsnæði starfaði skólinn þrátt fyrir að það væri bæði þröngt og óhentugt allt þar til skólinn flutti í Hvammshlíð árið 1984.

---

<sup>51</sup> Elín Jónsdóttir [án árs]:50-51

<sup>52</sup> Bjarni Kristjánsson.1981:5

<sup>53</sup> Elín Jónsdóttir [án árs]:53

#### 4.8. Fjárhagsleg ábyrgð á rekstri skólans.

Allt frá upphafi skólastarfs á Sólborg, stóðu yfir með hléum samningaviðræður við ríkið um greiðslur vegna skólans.<sup>54</sup> Með setningu laga um grunnskóla sem sett voru 1974, varð skýrt að öll ábyrgð á sérkennslu væri hins opinbera. Þó breyttist ekkert á Sólborg. Stjórn stofnunarinnar óskar því enn á árinu 1977 eftir því að ríkið yfirtaki rekstur skólans meðal annars vegna þess að hallarekstur var á stofnuninni og mátti að miklu leyti rekja hann til kostnaðar vegna skólans.<sup>55</sup>

Stjórnin gekk fast eftir því að nú yrði brugðist við af hálfu hins opinbera og haustið 1978 hófst skólastarf í skóla sem nú hét Þjálfunarskóli ríkisins, að fullu á ábyrgð Menntamálaráðuneytis en Sólborg lagði til húsnæði án endurgjalds næstu fimm árin. Skrifstofur voru sameiginlegar en kostnaði skipt milli ríkis og stofnunar með samningi þar um.<sup>56</sup> Má segja að hér hafi lokið áratugar langri baráttu Sólborgarmanna fyrir því að ríkið sæi um kennslumál vangefinna á Akureyri.

---

<sup>54</sup> Bjarni Kristjánsson

<sup>55</sup> Elín Jónsdóttir.[án árs]:58

<sup>56</sup> Bjarni Kristjánsson

## 5. Kafli. Skóli í Hvammshlíð.

Skólahald í Hvammshlíð hófst árið 1984, í fyrstu sem grunnskóli en eftir því sem árin liðu og nemendur eltust varð þar til framhaldsdeild eða fullorðinsfræðsla. Nemendum fjölgaði því hratt þar sem fáir hættu alveg en ekki var heldur um það að ræða að allir væru fullan skóladag þar. Árið 1989 voru yfir hundrað nemendur í skólanum og þar af einungis sautján í grunnskóladeild. Á næstu árum fækkaði nemendum um helming og þegar grunnskólar bæjarins flytjast af hendi ríkis yfir til sveitarfélaga voru einungis fimm til sex nemendur eftir. Þessir fimm eða sex fara í nýstofnaða deild við Giljaskóla, en þar sem hann hafði á þessum tíma ekki fengið framtíðarhúsnæði voru þeir áfram í Hvammshlíðinni allt til ársins 1998 en undir stjórn skólastjóra Giljaskóla.<sup>57</sup>

Öðrum nemendum á grunnskólaaldri var hjálpað til að ganga í sinn hverfissskóla með stuðningi frá Hvammshlíðarskóla bæði í formi ráðgjafar þaðan og einnig þannig að kennarar skólans fylgdu nemendum eftir í aðra skóla. Þetta var hugsað sem mjúk landing fyrir nemendurna, til að auðvelda þeim að skipta um skóla. Þetta var mikilvægur þáttur í að yfirfæra þekkingu kennara skólans yfir í almennu grunnskólana<sup>58</sup>

Með því að færa nemendur út í hverfissskólana annað hvort inn í almenna bekki eða í litlar sérdeildir sem þá voru þannig skipulagðar að mikil blöndun var við heimabekki barnanna mátti segja að komin væri á blöndun í grunnskólum Akureyrar.

---

<sup>57</sup> Halldóra Haraldsdóttir.

<sup>58</sup> Halldóra Haraldsdóttir.

## 6. Kafli. Sérdeildir skólanna.

Til þess að mæta þeim kröfum sem ný hugmyndafræði um blöndun gerir var komið á sérdeildum í sumum skólum bæjarins til þess að styðja við blöndunina. Þannig eru einhverfir nemendur í Síðuskóla í sérdeild sem stofnuð var 1999, en flestir mikið inni í sínum heimabekkjum, mismunandi mikið eftir því hvað hentar hverjum og einum.<sup>59</sup> Í Lundarskóla er sérdeild fyrir heyrnarskerta, sem stofnuð var um svipað leyti, og er henni ætlað að styðja við nemendur með heyrnarskerðingu, þessir nemendur eru nær allveg í sínum heimabekkjum.<sup>60</sup> Í Giljaskóla er svo sérdeild fyrir fjölfatlaða, sem stofnuð var um leið og Hvammshlíðarskóli var lagður niður sem grunnskóli. Fötluðu nemendurnir eru einnig að miklu leyti inni í bekkjum eins og hægt er.<sup>61</sup> Blöndun nemenda í skóla er því mikil breyting þó ekki hafi hún gengið átakalaust fyrir sig og enn sé verið að leita leiða til að mæta öllum þeim nemendum sem grunnskólann sækja. Mikilvægt er að sú leit hætti aldrei því engir tveir nemendur eru eins en allir eiga þeir rétt á kennslu við hæfi.

### 6.1. Pálmholt og Barnaskóli Akureyrar.

Eins og áður sagði leysti kennsla á Sólborg ekki vanda allra barna sem á einhvern hátt voru ekki talin hæf til að ganga í almennan skóla. Á þessum árum var til skóli í Reykjavík sem hét Höfðaskóli, stofnaður 1961. Hann var skilgreindur sem sérskóli fyrir bóknámshæf vangefin börn og var undanfari Öskjuhlíðarskóla.<sup>62</sup> Þar sóttu skóla þau börn sem voru með greindavísitölu á milli fimmtíu og sjötíu og fimm. Þetta var sú almenna skipting sem var á þessum tíma. Sem sagt þeir sem höfðu greindarvísitölu undir fimmtíu voru í þjálfunarskólum, fimmtíu til sjötíu og fimm í Höfðaskóla og þeir sem eru þar fyrir ofan gengu í almenna grunnskóla.<sup>63</sup>

Í samtali við Hólmfríði Guðmundsdóttur sérkennara kom fram að þegar hún kom til Akureyrar 1973 nýkomin úr sérkennaranámi í Þýskalandi setti hún sig í samband við námsstjóra hér á Akureyri og spurðist fyrir um hvað væri hér að gera fyrir manneskju með hennar menntun. Hann svaraði því til að hér væri ekki annað en

---

<sup>59</sup> Ólafur Thoroddsen.

<sup>60</sup> Guðmundur Víðir Gunnlaugsson

<sup>61</sup> Jón Baldvin Hannesson

<sup>62</sup> Þorsteinn Sigurðsson.1993:65-66

<sup>63</sup> Hólmfríður Guðmundsdóttir



Sólborg og það starf sem þar væri unnið og svo almennir grunnskólar. Ekki leið þó á löngu þar til haft var samband við hana af lögfræðingi bæjarins, Hreini Pálssyni vegna barna sem höfðu verið á leikskólanum Pálmholti. Þessi börn voru öll orðin of gömul til að vera þar og þar með orðin skólaskyld. Foreldrar þessara barna höfðu fengið þær ráðleggingar við greiningu þeirra í Reykjavík að senda þau ekki á Sólborg og þar við sat. Hólmfríður kenndi þeim því á Pálmholti frá áramótum 1975 og til vors.

Nú fóru hjólin að snúast, Hólmfríður setti sig í samband við Valdísi Jónsdóttur talkennara og komst þar að raun um að hún hafði verið með börn í talkennslu og án þess að neinn hefði sagt henni það eða börnin greind með þroskaskerðingu þá viti hún um fleiri börn sem þurfi sérkennslu. Þær taka nú saman höndum, fá Magnús Stefánsson barnalækni á Akureyri og Björn Þorleifsson félagsmálastjóri bæjarins í lið með sér til að tala við bæjarlögmanninn. Þá er farið að tala um að skapa úrræði fyrir þessi börn. Nú er fenginn sálfræðingur frá Reykjavík til að koma norður um sumarið og þessi þrjú börn sem voru á Pálmholti fara öll í greiningu. Í framhaldi af því voru viðeigandi yfirvöld látin vita af þeirri þörf sem hér var fyrir sérkennslu. Allan tímann var verið að hugsa um skóla og skólalagheimili þar sem þessi þrjú börn áttu það líka sameiginlegt að vera börn einstæðra foreldra sem þurftu vistun utan skólatíma. Enda hefðu þau ekki verið á Pálmholti nema þess vegna. Þar sem á áttunda áratugnum var ekki um að ræða að foreldrar í sambúð eða hjónabandi fengju dagheimilispláss jafnvel þó að barnið væri þroskaheft eða fjölfatlað. Haustið 1975 var svo sett á stofn við Barnaskóla Akureyrar svokölluð sérkennsludeild og starfaði þar þangað til hún flutti í Lundarskóla haustið 1977. Samhliða sérkennsludeildinni var stofnað skólalagheimili sem fyrst var til húsa í Oddeyrargötu og síðar í Brekkugötu. Í þessa sérdeild komubörn úr öllum bænum, sem voru með greindarvísitölu milli fimmtíu og sjötíu og fimm.<sup>64</sup>

## 6.2. Lundarskóli.

Í Lundarskóla var þessi deild starfrækt allt fram yfir 1990 en lognaðist smám saman út af sem sérdeild fyrir allan bæinn, þar sem foreldrar í bænum voru farnir að krefjast þess að hver skóli fyrir sig veitti þessa þjónustu. Þau fötluðu börn sem áttu heima í Lundar- og Gerðahverfi sóttu að sjálfsgöðu áfram í Lundarskóla.<sup>65</sup> Þó að hér sé talað

<sup>64</sup> Hólmfríður Guðmundsdóttir.

<sup>65</sup> Hólmfríður Guðmundsdóttir.

um sérdeild þá var málum þannig fyrir komið að þessir nemendur voru að minnsta kosti seinni árin inni í bekk og þá í tveggja kennara kerfi.<sup>66</sup>

Í samtali við Guðmund Víði Gunnlaugsson deildarstjóra sérkennslu í Lundarskóla kom fram að þegar hann hóf störf við skólann haustið 1995 voru þar fyrir tveir nemendur sem féllu undir þá skilgreiningu að vera með greind á bilinu fimmtíu til sjötíu og fimm. Á næstu árum fjölgaði þeim og nú hefur verið rekin þar í nokkur ár vísir að sérdeild, svokallað samver. Þar hafa verið sjö til átta nemendur og tveir til þrjár starfsmenn starfa við deildina. Þessir nemendur hafa að einhverju leyti sótt tíma með sínum heimabekk en mismikið.<sup>67</sup>

Á þessum árum var stundum talað um að fólk flytti í skólahverfi Lundarskóla ef það eignaðist fatlað barn því að orð fór af skólanum að þar væri vel tekið á kennslumálum fatlaðra, þetta orð fór af Lundarskóla löngu eftir að sérdeildin var lögð niður.<sup>68</sup>

### 6.3. Ný sérdeild í Lundarskóla.

Haustið 2000 tók til starfa við skólann sérdeild fyrir heyrnarskerta. Segja má að tilviljun hafi að hluta til ráðið því að svo fór því að Svanhvít Magnúsdóttir sem réðist að skólanum árið áður hafði áður kennt í heyrnleysingjaskólanum. Árið eftir réðist svo að skólanum táknmálsfræðingur. Þá þegar voru í skólanum þrjú börn sem þurftu kennslu í táknmáli og þeim fjölgaði svo lítilega eftir að deildin var formlega stofnuð og börnum úr öðrum skólahverfum boðin betri þjónusta þar en annars staðar. Deildin þjónaði einnig heyranskertum börnum í öðrum skólum en þau hafa gegn um árin ekki verið mörg. Þessir nemendur voru allan tímann inni í sínum bekk eins og hægt var en fengu stuðning í táknmáli og þeim þáttum sem þurfti að styðja við vegna heyrnarskerðingar.<sup>69</sup>

### 6.4. Síðuskóli.

Í Síðuskóla er sérdeild fyrir einhverfa sem starfrækt hefur verið frá árinu 1999. Deildin er ætluð einhverfum nemendum á Akureyri hvort sem þeir tilheyra skólahverfi skólans eða ekki. Deildin veitir einnig ráðgjöf til annarra skóla sem hafa

---

<sup>66</sup> Þórunn Bergsdóttir

<sup>67</sup> Guðmundur Víðir Gunnlaugsson

<sup>68</sup> Þórunn Bergsdóttir

<sup>69</sup> Guðmundur Víðir Gunnlaugsson.

einhverfa nemendur.<sup>70</sup> Í deildinni stunda nú nám sjö nemendur. Flestir eru að miklu leyti inni í sínum heimabekkjum og dæmi eru um að nemendur sækji ekki tíma í sérdeild en kennari úr sérdeild sér um að aðlaga kennslu að þeirra þörfum. Hins vegar eru þar nemendur sem ekki geta sótt tíma í sinn heimabekk og þá er brugðið á það ráð að beita öfugri blöndun. Hér er átt við að nemendur úr heimabekkjum nemendanna koma inn í sérdeildina til þess að einhverfi nemandinn geti notið samvista við bekkjarfélag og stundað nám sitt í umhverfi sem honum líður vel í og jafnframt í litlum hóp sem hann ræður við að vinna í.

Síðuskóli leysir vanda annarra fatlaðra nemenda er skólann sækja á svipaðan hátt og aðrir skólar í bænum. Skólinn fékk á þessu skólaári eitt hundrað og þrjátíu tíma til sérkennslu. Þeim tímum er ráðstafað með því að sérkennari eða stuðningsfulltrúi aðstoðar annað hvort inni í bekk eða með því að nemendur eru teknir út úr tímum annað hvort einstaklingslega eða í litlum námshóp. Mikið er lagt upp úr blöndun, nemendur eru eins lítið í einstaklingskennslu og hægt er. Eins og í hinum skólunum fer þetta eftir því hvernig nemendahópurinn er samsettur.<sup>71</sup>

## 6.5. Glerárskóli.

Í Glerárskóla hefur lengi verið mikil sérkennsla bæði í sérdeild og án hennar. Fljótlega eftir að skólinn flutti í núverandi húsnæði 1972 var komið þar á fót sérdeild. Þar voru börn voru með greindarvísitölu á bilinu fimmtíu til sjötíu og fimm. Þegar farið var að tala um blöndun var sérdeildin lögð niður en sérkennarinn fór á milli bekkja og aðstoðaði kennara eins og þurfti. Þetta gekk ekki nógu vel að mati kennara og skólastjóra þannig að aftur var búin til sérdeild. Hún var starfandi við skólann í nokkur ár allt þangað til hún flutti í Löngumýri en þar var rekin sérdeild fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri allt þar til hún var flutt í Verkmenntaskólann þar sem nú er sérdeild fyrir fatlaða nemendur.<sup>72</sup>

Í dag er ekki sérdeild í Glerárskóla. Í samtali við skólastjóra kom fram að þar er unnið eftir þeirri hugmyndafræði blöndunar að allir eru að vinna að sínu námi inni í sínum bekk óháð því hvort nemendur eiga við fötlun eða námserfiðleika af einhverju tagi að stríða. Sá sérkennslukvóti sem skólinn fær ár hvert er nýttur til að styðja við þá nemendur sem þess þurfa annað hvort með því að sérkennari sér um einstaka tíma eða

<sup>70</sup> Margrét Bergmann Tómasdóttir.

<sup>71</sup> Ólafur Thoroddsen

<sup>72</sup> Vilberg Alexandersson og Sigurbjörg Guðmundsdóttir

stuðningsfulltrúi er inni í bekk. Þær lausnir sem notaðar eru hverju sinni fara eðli málsins samkvæmt algerlega eftir því hvernig nemendahópurinn er samsettur og einnig því hvaða kennarar starfa við skólann. Skólinn endurskoðar þessar lausnir á hverju ári og leitast á hverjum tíma við að gera eins vel við nemendur og unnt er.<sup>73</sup>

## 6.6. Brekkuskóli.

Í Brekkuskóla er ekki sérdeild. Þeir nemendur sem annað hvort hafa greinda fötlun eða námsörðugleika eru að öllu leyti inni í bekkjum með jafnöldrum. Þessum nemendum fylgir sérkennari eða önnur aðstoð eftir atvikum. Sérkennslukvóta er úthlutað miðað við metna þörf innan skólans. Í ár fékk skólinn eitt hundrað tíma í sérkennslu. Á unglíngastigi er starfrækt námsver þar sem nemendur sem annað hvort teljast fatlaðir eða eiga í námserfiðleikum sækja tíma, í staðinn fyrir eða sem viðbót við aðra kennslu sem þeir sækja í sína heimabekki.<sup>74</sup>

## 6.7. Giljaskóli.

Í Giljaskóla er sérdeild fyrir mikið fötluð börn, þangað fluttu þeir fáu nemendur grunnskóla sem eftir voru í Hvammshlíðarskóla þegar hann var lagður niður. Sum þeirra barna sem nú eru í sérdeildinni eru bæði þar og líka í heimabekk en önnur það mikið fötluð að þau eru eingöngu í sérdeildinni. Nemendur sérdeildar eru sex á yfirstandandi skólaári.

Um blöndun í skólanum sagði skólastjórinn að blöndunin sem slík væri ekki eitthvað sem allir nemendur yrðu að passa inni hvort sem það hentaði eða ekki. Ef hún hentar nemandanum þá er hún sjálfsögð og eðlileg, en ef nemandinn hefur engan ávinning af henni þá er hún ekki sú lausn sem notuð er í því tilfelli.

Þau börn önnur sem við fötlun af einhverju tagi eiga að stríða og ekki eru í sérdeildinni eru á sama hátt og í öðrum skólum bæjarins í sínum bekkjum með þeim stuðningi sem þarf til í hverju tilfelli fyrir sig.

Sérkennslukvóti yfirstandandi skólaárs er eitthundrað þrjátíu og fimm tímar, og eru notaðir líkt og í öðrum skólum bæjarins bæði til þess að styðja við nemendur

---

<sup>73</sup> Úlfar Björnsson.

<sup>74</sup> Karl Erlendsson.

inni í bekkjum eða með því að taka nemendur út annað hvort í einstaklingskennslu eða í smærri námshópa.<sup>75</sup>

## 6.8. Oddeyrarskóli.

Oddeyrarskóli er fámennasti skólinn á Akureyri en af einhverjum ástæðum eru þar hlutfallslega mörg börn með sérþarfir miðað við hina skólana. Sérkennslukvóti skólans er eitt hundrað tímar sem er sambærilegt við hina skólana þó að skólinn sé með helmingi færri nemendur. Sérkennslutímarnir eru nýttir til þess að styðja við nemendur inni í sínum bekkjum og/eða í smærri námshópum utan bekkja auk þess sem eitthvað er um að nemendum sé kennt einstaklingslega.

Í Oddeyrarskóla er mikið lagt upp úr því að nemendum líði vel í skólanum, því er raðað saman í námshópa sérkennslunnar samkvæmt því. Hér er átt við að ekki er eingöngu horft á aldur nemenda heldur hverjum gengur vel að vinna saman og eru á svipuðu róli í námi sínu.

Í Oddeyrarskóla er starfrækt móttökudeild fyrir nýbúa, þeir tímar sem henni eru ætlaðir eru ekki inni í þeim tölum sem hér hafa komið fram, enda ekki um fatlaða nemendur að ræða og því ekki fjallað um deildina hér.<sup>76</sup>

## 6.9. Ummæli skólastjóra.

Við þá samantekt um grunnskóla bæjarins sem hér hefur farið á undan átti sú er þetta ritar, stutt samtöl við skólastjóra flestra skólanna. Allir eiga þeir það sameiginlegt að vilja hag sinna nemenda sem bestan. Þeir eru hins vegar ekki allir sammála um nálganir, á meðan sumir þeirra vilja blöndun að öllu leyti þá telja aðrir að meta þurfi í hvert skipti hvað sé best, ekki endilega að blanda öllum nemendum ef nemandinn fær ekkert út úr blönduninni sem slíkri. Annað sem skólastjórnir eru ekki sammála um er hvernig á að úthluta sérkennslutímum milli skólanna. Sumir og þá aðallega þeir sem eru með erfiðustu sérkennslunemendurna vilja að úthlutað sé samkvæmt metinni þörf innan skólanna á meðan hinir sem færri hafa sérkennslunemendurna vilja að sérkennslan sé ákvörðuð út frá nemendafjölda óháð því hvernig nemendahópurinn er samansettur.

---

<sup>75</sup> Jón Baldvin Hannesson

<sup>76</sup> Svanhildur Danielsdóttir.

Ég treysti mér ekki til að taka afstöðu í þessu máli en teldi þó að blanda þyrfti saman báðum aðferðum, þannig að þeim börnum sem eru með skilgreinda fötlun eða námsörðugleika væri tryggður ákveðinn tímafjöldi og svo væri ákveðnum tímum úthlutað eftir nemendafjölda. Um leið og grunnskólalögin segja að skólinn sé fyrir alla, að allir eigi að geta stundað nám sitt hlið við hlið innan skólans hlýtur að þurfa að breyta vinnutilhögun innan bekkjarins.<sup>77</sup>

Ný hugtök eru nú notuð um það hvernig tryggja á öllum nemendum kennslu við hæfi. Nemendur hafa mismunandi námsgetu þó að allir geti þeir lært eitthvað. Námsefni er oftast miðað við meðalnemandann og því eru í flestum bekkjum nemendur sem annað hvort þurfa stuðning eða eru bráðgerir og þurfa að fá auka efni til þess að kennslan verði þeim að sem bestu gagni. Til þess að allir njóti sín þarf því að laga námsefni og kennsluaðferðir að nemendum. Með því fengju seinfærir eða fatlaðir nemendur léttara efni og þeir bráðgeru efni sem gerir meiri kröfur til þeirra. Þetta hefur verið kallað námsaðlögun.<sup>78</sup>

Til þess að ná fram þeim markmiðum sem kennari setur fram getur í sumum tilfellum verið nauðsynlegt að gera sérstaka námsskrá fyrir þá nemendur sem þurfa aðlagað kennsluefni eða aðrar nálganir við kennslu. Einstaklingsnámskrá er tæki til þess að halda utan um námsmarkmið nemenda sem þannig er háttað um. Hún getur verið allt frá því að taka til afmarkaðra þátta náms, til þess að taka til allrar skólagöngu nemenda bæði hvað varðar nám og félagslega þætti.<sup>79</sup>

Í viðtölum mínum við bæði kennara og skólastjórnendur kom skýrt fram það viðhorf þeirra að meta þyrftir hvern nemanda fyrir sig og finna þá leið sem hentaði hverjum og einum best.

---

<sup>77</sup> Lög um grunnskóla 66/1995.

<sup>78</sup> Samkennsla árganga-Rúnar Sigþórsson

<sup>79</sup> Ásta Egils - Borghildur Birgisdóttir-Fjölbreyttar þarfir.

## 7. Kafli. Bröttuhlíðarskóli.

Bröttuhlíðarskóli var stofnsettur haustið 1982. Hann var að því leyti öðruvísi en aðrir skólar bæjarins að hann heyrði ekki undir skólanefnd bæjarins heldur undir fræðsluskrifstofu og þannig beint undir ráðuneyti menntamála. Framkvæmdasjóður fatlaðra stóð straum af húsnæðis kaupum en skólinn var eins og aðrir skólar á þessum tíma rekinn af hinu opinbera.<sup>80</sup>

Hann var stofnaður sem úrræði fyrir börn með atferlistruflanir úr öllu Norðurlandsumdæmi eystra. Það reyndi þó aldrei mikið á að nemendur utan Akureyrar sæktu þangað skóla en þó voru um það einhver dæmi og nemendur þá vistaðir á sveitabæjum í nágrenni bæjarins utan skólatíma. Til að byrja með voru tveir kennarar og fjórir nemendur í skólanum. Við stofnun skólans var hann skilgreindur sem skóli fyrir nemendur af báðum kynjum. Fyrstu árin voru eingöngu drengir og þegar loks var sótt um fyrir stúlku kom í ljós að það gekk ekki vel að hafa hana eina með drengjunum. Því var sú ákvörðun tekin að ekki yrðu teknar stúlkur í skólann nema að þær væru að minnsta kosti tvær. Á það reyndi ekki á meðan skólinn var í Bröttuhlíð. Þegar fjölmennast var í Bröttuhlíð voru sex til sjö nemendur í skólanum.<sup>81</sup>

Haustið 2001 tók skólinn svo til starfa í Varpholti, rétt utan við Akureyri og heitir nú Hlíðarskóli. Þar voru fyrsta árið fjórtán til sextán nemendur. Í desember árið 2005 var stofnuð sérdeild í Hlíðarskóla sem heitir Skjöldur. Þangað sækja skóla nemendur með geðræn eða tilfinningaleg vandkvæði. Þessi deild er ætluð þeim sem mestan stuðning þurfa á þeim sviðum. Enn var lagt í framkvæmdir því að haustið 2006 var svo stofnuð sérdeild fyrir stúlkur, þar er rými fyrir allt að átta stúlkur. Starfsmenn við skólann eru nítján, þar af eru þrettán uppeldismenntaðir og nemendur skólaárið 2006-2007 eru tuttugu og þrír.<sup>82</sup>

---

<sup>80</sup> Kristinn G. Jóhannsson.

<sup>81</sup> Bryndís Valgarðsdóttir.

<sup>82</sup> Bryndís Valgarðsdóttir.

## 8. Kafli. Höfum við gengið til góðs.

Hér á undan hef ég farið yfir sögu kennsluúrræða fávita, aumingja, vangefinna, fatlaðra, þroskaheftra, fjölfatlaðra eða hvað sem við viljum kalla þann hóp sem á einhvern hátt þarf sérúrræði í skóla. Þessi saga er ekki löng, þó að alltaf hafi verið til fatlað fólk á Íslandi er eins og enginn hafi gert ráð fyrir þeim í skólakerfinu fyrr en lög um fávítastofnanir voru sett 1967. Fram að þeim tíma áttu þroskaheftir ekki rétt á skólagöngu og fengu hana í langflestum tilfellum ekki. Sagan hér á Akureyri frá Þjálfunarskóla á Sólborg til Hvammshlíðarskóla, þaðan í hverfis-skóla og nú sérdeilda í hverfis-skólum og einstaka sérskóla er saga mikilla breytinga á högum þessa hóps. Þegar sagan hefst er enga stoðþjónustu að fá, þroskaheftir gegnu ekki í skóla og fjölskyldur þeirra fengu ekki stuðning frá hinu opinbera til að koma þeim til frekari þroska.

Með tilkomu Sólborg náðist utan um þennan hóp bæði hvað varðar að hann ætti sér samastað og málsvara í styrktarfélaginu, en ekki síður aðgang að skólagöngu. Sú hugmyndafræði að leggja sérskóla niður og þar með Hvammshlíðarskólann sem grunnskóla kom fram hér í kring um 1990. Þá áttu allir að geta gengið í sinn hverfis-skóla og var í hugum margra foreldra stórt skref í átt til jafnræðis þessa hóps og annarra barna. Þó hafa eflaust einhverjir verið með kvíðahnút í brjósinu yfir breytingunum. Það er oft erfitt að breyta þegar ekki er alveg ljóst hvað breytingin hefur í för með sér.<sup>83</sup>

Sú sérhæfing milli skóla sem til verður á síðasta áratug síðustu aldar er að margra mati nauðvörn fjársveltra grunnskóla.<sup>84</sup> Engum dylst að til þess að geta stutt við, svo sómi sé að, mikið þroskaheftan einstakling í námi sínu, þarf bæði fagmenntað starfsfólk, oft flókin tækjabúnað og góðan húsakost. Þetta kostar allt mikla peninga sem þarf þá að sækja til rekstraraðila grunnskólans hvort sem það er ríki eða bær. Það er skoðun margra sem þekkja til málefna grunnskólans að til þess að ná hagræðingu í þessari kennslu og að búnaðurinn nýtist sem flestum, sé betra að hver skóli sérhæfi sig.

Blöndun í skólastarfi er hugtak sem mjög hefur verið í umræðunni undanfarna áratugi. Einn af þeim skólamönnum sem rætt var við í sambandi við þessa vinnu var

---

<sup>83</sup> Snorri Þorsteinsson. 1992:27

<sup>84</sup> Helga Einarsdóttir



Þórunn Bergsdóttir fyrrverandi skólastjóri Lundarskóla. Hún hafði um skólastarfið það að segja að ekki ætti að einblína á einhverja eina leið, skólinn þyrfti að vera sveigjanlegur og tilbúin til að mæta hverjum og einum. Þannig yrði að finna úrræði sem henti hverju barni. Kennsla yrði að vera einstaklingsmiðuð, en undanfarin ár hefur mikið verið talað um einstaklingsmiðað nám. Hún taldi nauðsynlegt að blanda saman sérdeildum og því að fatlaða barnið væri inni í bekk. Einnig taldi hún mikilvægt að kennari setji sig í spor nemanda hvort sem hann er blindur, heyrnarlaus eða fatlaður á annan hátt. Þórunn tók þá sem dæmi þá reynslu sína að vera án tungumálakunnáttu í framhaldsnámi erlendis, það hefði orðið henni ákveðin vakning að því leyti að átta sig á hvernig er að vera örðuvísi<sup>85</sup>.

Þó að mikið hafi áunnist má aldrei gleyma þeim markmiðum sem sett hafa verið í opinberri stefnumörkun þar sem skýrt er að skólinn skuli vera fyrir alla á jafnréttisgrundvelli, allir eiga jafnan rétt til náms<sup>86</sup>.

---

<sup>85</sup> Þórunn Bergsdóttir

<sup>86</sup> Salamanca yfirlýsingin. 1995:7

## 9. Kafli. Lokaorð.

Vinnan við þetta verkefni hefur á margan hátt verið upplýsandi fyrir mig. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á kennslumálum fatlaðra og fundist að réttur hins fatlaða til náms væri ekki alltaf virtur sem skyldi.

Ég fór af stað með það að skrifa sögu sérkennslu, stórt markmið sem ég hef nú þrengt niður í að stikla á stóru í þeirri sögu, enda tæki miklu lengri tíma en svo að það henti hér, að gera henni ýtarleg skil. Heimildaöflun varð allt öðruvísi en ég gerði ráð fyrir. Eins og fram kom í inngangi er lítið til af rituðum heimildum um Sólborg og þau sérkennsluúræði sem hér er fjallað um. Gögn þeirra stofnana sem ég hef fjallað um hér eru varðveitt í Þjóðskjalasafninu í Reykjavík og á Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Ég hef ekki átt þess kost að skoða það sem er í Reykjavík og gögnin hér eru að miklu leyti trúnaðarupplýsingar og/eða óskráð að miklu leyti. Ég hef því mikið þurft að leita munnlegra heimilda. Hvar sem ég hef leitað eftir upplýsingum hvort sem um er að ræða Sólborg eða skólana hér í bæ hef ég fengið góðar viðtökur og allir boðnir og búnir að aðstoða mig eftir bestu getu. Segja má að þessi vinna hefði þurft að fara fram, að minnsta kosti tuttugu árum fyrr, þar sem þeir hugsjónamenn sem stofnuðu Styrktarfélag vangefanna er allir látnir og skaði að saga þessi skuli ekki hafa verið rituð á meðan þeir lifðu, þannig að þeir gætu lagt orð í belg.

Þegar það tímabil hefst sem hér er fjallað um voru engin úrræði í kennslumálum fatlaðra á Akureyri, en með byggingu Sólborgar og því að þar var farið að kenna vangefnum, kemst hreyfing á málið. Með stofnun Þjálfunarskóla sem síðar verður Hvammshlíðarskóli og er nú sérdeild í Giljaskóla er þeim hópi, er mest er fatlaður, séð fyrir kennslu. Þær sérdeildir sem svo verða til í hinum skólum bæjarins mæta þörfum nemenda með margs komar fatlanir. Má þar nefna sérdeild í Lundarskóla fyrir heymarskerta, sérdeild í Giljaskóla fyrir fjölfatlaða og sérdeild í Síðuskóla fyrir einhverfa.

Ég velti fyrir mér spurningunni; höfum við gengið til góðs? Áður en ég hóf vinnu við þetta verkefni fannst mér ekki að mikið hefði batnað í þessum málaflokki. Með þessari vinnu hef ég samt komist að því að svo sannarlega hefur margt áunnist. Vil ég þar benda á að fyrir rétt um fjörítíu árum var alls ekki nein kennsla fyrir fatlaða af neinu tagi hér á Akureyri. Því væri alls ekki við hæfi að segja að ekkert hafi batnað. Hitt er svo annað mál að betur má alltaf gera og ekki ástæða til að ætla annað en að

svo muni verða, miðað við hvað mikið hefur áunnist á þeim tæplega fjörutíu árum sem liðin eru síðan farið var að kenna fötluðum á Akureyri. Við það má svo bæta að allir þeir sem ég talaði við bæði kennarar og skólastjórar hafa mikinn metnað til þess að þeirra skólar standi sem allra best að sérkennslu.

Ný þekking á málefnum fatlaðra, auk þess sem skilningur samfélagsins á því hvað þarf til, til þess að grunnskólinn þjóni öllum nemendum sem þangað eiga að fara, hefur orðið til þess að mikið hefur miðað áleiðis. Þar eru hugtökin blöndun og eðlilegt líf lykilhugtök. En það er með þennan málaflokk eins og flesta aðra þar sem verið er að fjalla um fólk að vísast er að leiðarenda verði aldrei náð.

*Alltaf má gera betur.*

## Heimildaskrá:

### Ritaðar heimildir.

Bjarni Kristjánsson. 1971. Nokkur orð um kennslu vangefinna. *Sólborg*: 1.1:12-21.

Bjarni Kristjánsson. 1981. Af vettvangi. *Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi. Verndaður vinnustaður opnaður-Vistheimilið Sólborg 10 ára*. 1.1:3-6.

Elín Jónsdóttir. [án árs] *Kennslumál vangefinna á Sólborg*. Kennaraháskóli Íslands. [Lokaritgerð réttindanáms].

Halldóra Haraldsdóttir. 1981. Hugleiðingar um kennslu og þjálfun. *Styrktarfélag vangefinna á Norðurlandi. Verndaður vinnustaður opnaður-Vistheimilið Sólborg 10 ára*. 1.1:15-16.

Kristín Aðalsteinsdóttir 1992. Heiltæk skólastefna: leið til skólaþróunar. *Uppeldi og menntun. Tímarit kennaraháskóla Íslands*. 1.1:196-206.

Lög um fávítastofnanir nr. 53/1967.

Lög um grunnskóla nr. 63/1974.

Lög um grunnskóla nr. 49/1990.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Lög um málefni fatlaðra 56/1992.

Margrét Margeirsdóttir. 2001. *Fötlun og samfélag*. Reykjavík, Háskólaútgáfan.

Reglugerð um kennslu á fávítastofnunum nr 199/1972.

Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977.

Reglugerð um sérkennslu nr. 98/1990.

Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996.

*Salamanca Yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir.* 1995. Reykjavík,  
Menntamálaráðuneytið.

Snorri Þorsteinsson. 1992. *Þroskahjálp, Viðhorf til blöndunar.* Reykjavík,  
Þroskahjálp.

Svanfríður Larssen. 1996. Vistheimilið Sólborg. *Þroskahjálp tímarit um málefni  
fatlaðra.* 18. 2:24-35.

Vistheimilið Sólborg. 1968. *Vistheimilið Sólborg Gjörðabók.* Akureyri.

Þorgerður Hauksdóttir. 1981. Skólinn á Sólborg. *Styrktarfélag vangefinna á  
Norðurlandi. Verndaður vinnustaður opnaður-Vistheimilið Sólborg 10 ára.*  
1.1:17-18.

Þorsteinn Sigurðsson. 1993. *Þættir úr sögu sérkennslunnar.* Reykjavík, Þórsútgáfan.

## **Vefheimildir.**

Ásta Egils - Borghildur Birgisdóttir. 2004. Einstaklingsnámskrá. Tekið af neti 23.  
apríl 2007 af slóðinni: [http://www.aknet.is/grundaskoli/ASTA  
EGILS/fjolfreyttar/einstaklingsnamskra.htm](http://www.aknet.is/grundaskoli/ASTA<br/>EGILS/fjolfreyttar/einstaklingsnamskra.htm)

Rúnar Sigþórsson. 18.nóvember 2003. *Námsaðlögun.* Tekið af netinu 23. apríl 2007  
af slóðinni: <http://skolar.skagafjordur.is/sfs/namsadlogun.php>

**Munnlegar heimildir:**

Bjarni Kristjánsson, fyrrverandi kennari og forstöðumaður á Sólborg. Viðtal tekið að Laugalandi í Eyjafirði 20. október 2007.

Bryndís Valgarðsdóttir, skólastjóri í Hlíðarskóla. Viðtal í síma 29. mars 2007.

Guðmundur Víðir Gunnlaugsson, sérkennari á Akureyri. Viðtal tekið á skrifstofu Guðmundar í Lundarskóla 2. apríl 2007.

Guðrún Gunnarsdóttir, starfsmaður leigubílastöðvar Akureyrar á upphafsárum Sólborgar. Samtal 21. október 2006.

Helga Einarsdóttir, kennari í Lundarskóla. Viðtal tekið í Lunarskóla 4. apríl 2007.

Hólmfríður Guðmundsdóttir, sérkennari á Akureyri. Viðtal tekið í Lundarskóla 3. apríl 2007.

Jón Baldvin Hannesson, skólastjóri í Giljaskóla. Viðtal tekið í geng um síma 10. apríl 2007.

Karl Erlendsson, skólastjóri Brekkuskóla. Viðtal tekið í geng um síma 10. apríl 2007.

Kristinn G. Jóhannsson, fyrrverandi skólastjóri Bröttuhlíðarskóla á Akureyri. Viðtal tekið í gegn um síma 30. mars 2007.

Magnús Aðalbjörnsson fyrrverandi aðstoðarskólastjóri í Gagnfræðaskóla Akureyrar. Viðtal tekið á heimili Magnúsar 13. apríl 2007.

Margrét Bergmann Tómasdóttir deildarstjóri sérkennslu í Síðuskóla. Viðtal tekið í gegn um síma 17. apríl 2007.

Ólafur Thoroddsen, skólastjóri Síðuskóla. Viðtal tekið í geng um síma 10. apríl 2007.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir fyrrverandi sérkennari í Glerárskóla. Viðtal tekið á heimili Sigurbjargar 14. apríl 2007.

Svanhildur Daníelsdóttir, aðstoðarskólastjóri í Oddeyrarskóla. Viðtal tekið í gegn um síma 10. apríl 2007.

Úlfar Björnsson, skólastjóri Glerárskóla. Viðtal tekið í geng um síma 3.apríl 2007.

Vilberg Alexandersson fyrrverandi skólastjóri í Glerárskóla. Viðtal tekið á heimili Vilbergs 14. apríl 2007.

Þórunn Bergsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Lundarskóla á Akureyri. Viðtal tekið í gegn um síma 10. apríl 2007.